



Sveitarstjórn Djúpavogshrepps
Gauti Jóhannesson, sveitarstjóri
Bakki 1
765 Djúpavogi

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@dmr.is dmr.is

Reykjavík 23. júlí 2019
Tilv.: DMR19070016/5.12.0

Ráðuneytið hefur móttengið bréf samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótaldshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar, þar sem tilkynnt er að fyrirhugað sé að kosning um sameiningu sveitarfélaganna fjögurra fari fram 26. október 2019.

Ráðuneytið bendir sveitarstjórnnum fyrrgreindra sveitarfélaga á að setja sig í samband við Þjóðskrá Íslands vegna kjörskrárgerðar og þess möguleika fyrir væntanlega kjósendur að geta flett því upp í þjóðskrá í gegnum island.is hvort og hvar þeir séu á kjörskrá. Jafnframt er athygli þeirra vakinn á 4. og 5. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, m.a. er varðar kynningu og auglýsingu á fyrirhuguðum kosningum svo og gerð atkvæðaseðla.

Ráðuneytið mun rita bréf til allra sýslumanna og utanríkisráðuneytisins þar sem tilkynnt verður um fyrirhugaða kosningu og að heimilt sé að hefja kosningu utan kjörfundar hinn 31. ágúst 2019.

Dómmálaráðuneytið mun eigi síðar en 12 dögum fyrir fyrirhugaðan kjördag auglýsa framlagninu kjörskrár, sbr. 8. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna.

Fyrir hönd ráðherra


Hjördís Stefánsdóttir

Samrit: Samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótaldshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar og sveitarstjórnir Borgarfjarðarhrepps, Fljótaldshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar